



Fjölbrautaskóli Suðurlands
Vorönn 2026

ÍSLE3HE05
Heimildaritun

Kennarar	Bertha I. Johansen berthajo@fsu.is Katrín Rut Sigurgeirsdóttir katrin.rut@fsu.is Kristjana Hallgrímsdóttir kristjanah@fsu.is Þuríður M. Björnsdóttir thuridur@fsu.is
----------	---

Áfangalýsing

Áhersla er lögð á að nemendur læri og þjálfist í vinnubrögðum sem tengjast heimildavinnu. Unnin verða fjölbreytt og krefjandi ritunarverkefni og lesnir margs konar textar sem tengjast heimildavinnu. Nemendur verða einnig þjálfaðir í umræðum. Stærsta verkefnið er heimildaritgerð og vörn fyrir hana.

Nemendur skulu **ávallt mæta með tölvu** í kennslustundir.

Undanfari: ÍSLE2BV05

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- helstu hugtökum sem tengjast heimildavinnu, s.s. beinni og óbeinni tilvitnun, tilvísun og heimildaskrá.
- muninum á staðreyndum og ályktunum.
- muninum á talmáli og ritmáli.
- muninum á heimildanotkun og ritstuldi.
- hvaða málsnið hæfir mismunandi efni og aðstæðum.

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- skrifa skýran og vel uppbyggðan texta.
- beita gagnrýninni hugsun við úrvinnslu heimilda.
- velja stílbrögð sem hæfa efninu.
- velja og nýta á gagnrýninn hátt þær upplýsingar sem skipta máli í heimildaritun.
- vega og meta áreiðanleika heimilda.
- flytja af öryggi og sannfæringarkrafti eigið efni.
- meta mismunandi sjónarmið og taka sjálfstæða, rökstudda afstöðu.

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt sér þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- skrifa skýran, vel uppbyggðan og grípandi texta.
- velja viðeigandi ritstíl eftir viðtakendum og aðstæðum.
- greina forsendur sem geta búið að baki einstökum ályktunum.
- tjá rökstudda afstöðu, útskýra sjónarmið og taka virkan þátt í málefnalegum umræðum.
- draga saman aðalatriði úr heimildum þannig að rétt sé með farið í hvívetna.
- beita gagnrýninni hugsun við lestur, túlkun og úrvinnslu krefjandi texta.
- leiða umfjöllun um viðfangsefni til vel rökstuddrar niðurstöðu.
- ástunda viðurkennd vinnubrögð í rannsóknarvinnu.

Námsefni

Efni frá kennara.

Námsmat

Námsþáttur	Lýsing á námsmati	Vægi
Heimildavinna	Æfingaverkefni og próf	15%
Heimildaritgerð	Hverjum þætti heimildaritgerðar skilað	20%
Heimildaritgerð	Lokagerð	45%
Heimildaritgerð	Kynning og vörn	15%
Vinnubrögð	Virgni og ástundun	5%
Samtals		100%

Áætlun um yfirferð og verkefnaskil

Dags.	Viðfangsefni
5. - 9. jan. Kennsla hefst á fim.	Kynning áfangans.
12. - 16. jan.	Tilvitnanir, tilvísanir og heimildaskráning. Æfingaverkefni 1: Skráning heimilda í heimildaskrá.
19. - 23. jan.	Heimildaleit og mat á heimildum. Ella á bókasafninu. Æfingaverkefni 2: Stutt heimildaverkefni unnið.
26. - 30. jan.	Upprifjun um byggingu efnisgreina og ritgerða. Próf úr heimildaskráningu. Bygging efnisgreina og ritgerða.
2. - 6. feb.	Vinnubrögð í ritgerðum skoðuð. Bygging ritgerða og heimildaskráning. Æfingaverkefni 3: Lokaritgerðir skoðaðar, verkefni.
9. - 13. feb.	Lokaritgerð: Rannsóknarspurningar og tesur. Ritgerðarefni valið og rannsóknarspurning samin. Heimildaleit fyrir lokaritgerð. Æfingaverkefni 4: Tímaritgerð skrifuð. Lokaritgerð: Ritgerðarefni og rannsóknarspurning/efnisyrðing.
16. - 20. feb. Miðannarmat	Lokaritgerð: Ritgerðarvinna; skipulag, lykilsetningar og kaflar. Heimildaleit. Beinagrind skilað. Heimilda leitað og þær skráðar. Skila heimildaskrá (með 6-10 áreiðanlegum heimildum).
23. - 27. feb. Vorfrí mán. og þri.	Vinna við inngang og meginmál.
2. - 6. mars Áfangamessa mið.	Kynning á ritgerðarefni. Vinna við meginmál ritgerðar (tesa).
9. - 13. mars Valdagur mið.	Ljúka við fyrri hluta meginmáls. Skil á fyrri hluta ritgerðar. Vinna við seinni hluta meginmáls, antitesa (og syntesa).
16. - 20. mars Kátir dagar og Flóafár	Vinna við seinni hluta meginmáls, antitesa (og syntesa).
23. - 27. mars	Meginmál lagað til og skrifað (tesa, antitesa og syntesa).
30. mars - 3. apríl	PÁSKAFRÍ
6. - 10. apríl Kennsla byrjar á þri.	Ljúka við seinni hluta meginmáls. Lokaorð samin. Skil á seinni hluta ritgerðar.
13. - 17. apríl	Ritstjórnarvinna og endurbætur.
20. - 24. apríl Sumardagurinn fyrsti	Lokagerð heimildaritgerðar skilað. Undirbúa vörn.
27. apríl - 1. maí 1. maí (fös.)	Varnir fluttar.
4. - 8. maí	Varnir fluttar/viðtöl.
11. - 15. maí Síðasti kennslud. 13. maí Námsmat byrjar á fös.	Viðtöl.

Sérreglur áfangans

- Áfanginn er án lokaprófs. Allmörg verkefni verða metin til einkunna, auk þess sem ýmis smærri verkefni verða lögð fyrir til að styrkja námið.
- Nemendur eiga að **skila öllum verkefnum á tilsettum tíma**. Skilyrði fyrir því að kennari fari yfir stafsetningu og málfar er að nemandi hafi sett textann í [ai.yfirlestur.is](https://www.fsu.is/is/namid/namskrofur-og-reglur/ai.yfirlestur.is). Ekki er hægt að ganga að því vísu að farið verði yfir verkefni sem berast of seint.
- **Lengd ritgerðar:** 2800-3200 orð (forsíða, efnisyfirlit og heimildaskrá ekki talin með).
- Til að standast kröfur áfangans **þarf að ná lágmarkseinkunn 5 fyrir sjálfa lokaritgerðina og fyrir að verja/kynna ritgerðina**.

Reglur um svindl og notkun gervigreindar

<https://www.fsu.is/is/namid/namskrofur-og-reglur/reglur-um-svindl-i-verkefnum-og-profum>

Ef grunur um ritstuld og/eða óleyfilega notkun á gervigreind vaknar gætu nemendur þurft að gera munnlega grein fyrir verkefni/prófi.

Sömu reglur gilda um notkun gervigreindar við skrif og gilda um heimildaskráningu almennt. Reglur um heimildaskráningu má finna á heimasíðu skólans.

<https://www.fsu.is/is/namid/namskrofur-og-reglur/heimildaskraning-leidbeiningar>

Námsmats- og prófsýningardagur

Námsmats- og prófsýning er mikilvægur hluti af náminu því þar fær nemandi:

- tækifæri til að sjá hvernig gekk.
- útskýringu á námsmati hvort sem um lokapróf eða símat er að ræða.
- ráðleggingar sem geta nýst í áframhaldandi námi.
- tækifæri til að gera athugasemd við niðurstöðu námsmatsins.

Kennsluáætlun er sett fram með fyrirvara um breytingar.

Selfossi, 5. janúar 2026,

Bertha I. Johansen,
Katrín Rut Sigurgeirsdóttir,
Kristjana Hallgrímsdóttir,
Puríður M. Björnsdóttir